

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 1051 15. desember 2006,**  
**um starfsstig innan lögreglunnar.**

1. gr.

Í stað orðsins „dómsmálaráðherra“ í 1. málslíð 3. gr. og 1. mgr. og 3. mgr. 15. gr. kemur: innanríkisráðherra.

2. gr.

Við 4. mgr. 15. gr. bætist nýr málslíður: Ríkislögreglustjóri staðfestir skipurit lögregluembætta, þar með talið Lögregluskóla ríkisins.

3. gr.

Í stað 5. mgr. 15. gr. kemur ný málsgrein: Ríkislögreglustjóri sendir staðfest skipurit ásamt greinargerð sinni til innanríkisráðherra til upplýsinga.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 4. mgr. 28. gr. lögreglulaga nr. 90 13. júní 1996, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Innanríkisráðuneytinu, 1. nóvember 2013.*

**Hanna Birna Kristjánsdóttir.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*